



Ágætu nefndarmenn efnahags- og viðskiptanefndar,

Golfklúbbnum Keili hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda.

Umrætt frumvarp er mjög mikilvægt skref í uppbyggingu íþróttamannvirkja í landinu. Frekari uppbygging aðstöðu til íþróttaiðkunar er ein grunnforsenda þess að viðhalda, efla starfsemi og fjölga iðkendum. Fyrir íþróttahreyfinguna er mikilvægt að fjölga iðkendum víðs vegar um landið og með aðkomu ríkisins með endurgreiðslu hluta byggingakostnaðar, er verið að opna á enn öflugari uppbyggingu aðstöðunnar.

Þrátt fyrir myndarlega uppbyggingu mannvirkja á síðustu árum blasa við stór verkefni, sem íþróttafélögin vítt og breytt um landið vilja ráðast í. Hjá ýmsum félögum á landsbyggðinni er einnig mikil metnaður til þess að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar. Þar er aðstaðan víðast hvar grunnurinn að áframhaldandi starfsemi viðkomandi félaga. Það sama á einnig við um félög á suðvesturhorni landsins, þar sem aukinn iðkenda fjöldi kallar á aukna og enn betri aðstöðu.

Öflugur stuðningur við uppbyggingu íþróttamannvirkja er ómetanlegur og sagan sýnir að með betri mannvirkjum og aukinni fræðslu þjálfara næst mikill árangur á skömmum tíma. Reynslan sýnir einnig að árangurinn er jafn mikilvægur í smærri sem stærri samfélögum. Það er því öflug byggðastefna að bæta aðstöðu íþróttahreyfingarinnar alls staðar á landinu.

Mikilvægi íþróttafélaga í forvarnarstarfi sem og gagnvart almennri heilsuefningu er ótvírætt. Þar er víðast hvar um að ræða öfluga starfsemi sem er borin upp af sjálfbóðaliðum.

Lýðheilsa miðar að því að viðhalda og bæta heilbrigði fólks, þar sem grunnurinn er heilsuvernd og forvarnir. Góð heilsa felst í líkamlegu og andlegu jafnvægi og að hver og einn ber ábyrgð á eigin heilsu og líðan. Uppbygging mannvirkja til betri aðstöðu til iðkunar er einn veigamikill þáttur hins opinbera og íþróttahreyfingarinnar sem miða að því að viðhalda og bæta heilbrigði, líðan og aðstæður einstaklinga og þjóðarinnar í heild sinni. Mikilvægt er að skapa aðstæður í samfélaginu til að stunda heilbrigða lífshætti og efla vitund og vitneskju fólks um mikilvægi þess. Gott dæmi um einn þátt eflingar lýðheilsu eru yfirbyggð knattþús sem m.a. skapa aðstöðu fyrir eldri fólk til hreyfingar, þar sem hópar þeirra koma saman til að stunda hreyfingu saman og njóta félagskappar hvers og eins. Það er því mikilvægt að styðja starfsemi íþróttafélaga með öllum ráðum svo að þessir þættir haldi áfram að vaxa og dafna, íslensku samfélagi til heilla.

Með samþykki umrædds frumvarps er að verða að veruleika mikið hagsmunamál íþróttahreyfingarinnar í landinu. Með samvinnu sveitarfélaganna og íþróttafélaganna á síðustu árum hefur margt áunnist – og áfram mikilvægt að koma til móts við íþróttahreyfinguna sem borin er uppi af sjálfbóðaliðum. Það er fyrst og fremst grasróttin í hreyfingunni sem mun njóta ávaxta þeirrar uppbyggingar sem verður að veruleika, með gildistöku umrædds frumvarps.

Eftir stjórnarfund hjá golfklúbbnum keili 20.02.2019 þá vill Golfklúbburinn Keilir skora á Alþingi Íslendinga að samþykki frumvarp um **endurgreiðslu á hluta kostnaðar vegna íþróttamannvirkja lagt fram af Jóni Gunnarssyni, Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur, Ásmundi Friðrikssyni, Njálí Trausta Friðbertssyni, Óla Birni Kárasyni, Páli Magnússyni, Vilhjálmi Árnasyni, Ágústi Ólafi Ágústssyni, Guðjóni S. Brjánssyni, Guðmundi Andra Thorssyni, Ólafi Ísleifssyni, Ólafi Þór Gunnarssyni og Willum Þór Þórssyni, nái fram að ganga. Frumvarpið gerir ráð fyrir að endurgreiða skuli félagasamtökum til almannaheilla hluta fjárhæðar sem þau hafa greitt vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda sem miða að því að efla starfsemi eða bæta aðstöðu samtakanna. Það er álit Golfklúbbsins Keilis að það sé íþróttahreyfingunni mikið hagsmunamál að frumvarpið verði að veruleika."**

Golfklúbburinn Keilir skorar á efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis að veita frumvarpinu brautargengi á Alþingi, íþróttahreyfingunni í landinu til heilla.

Hafnarfirði 21. Febrúar 2019

f.h. Golfklúbbsins Keilis


Olafur Þór Gunnarsson, forseti og málstjóri

